Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2.tbl. 1.árg. 2004

Efnisyfirlit

2 Fréttir.
3 Pistill formanns.
3 Jólaball Neistans.
4 Edda og Páll létu peningana renna til Neistans.
6 Hjartveikir krakkar í íþróttum hjá ÍFR.
8 Tannheilsa. Magnús J. Kristinsson tannlæknir skrifar.
9 Burstum tennurnar betur.
10 Stjórn Neistans kynnt.
12 Haustferð Neistans í Hvammsvík.
14 Guðrún Pétursdóttir og Össur Skarphéðinsson hafa setið í stjórn Styrktarsjóðs Neistans frá upphafi.
16 Barnastarfið í Gerðubergi.
18 Nýr formaður Neistans, Margrét Ragnars.
20 Hnakkaspiksmælingar. Vigdís Stefánsdóttir skrifar.
22 Minning. Ingólfur Viktorsson.
22 Söfnuðu fyrir Hjartaheill.

• Útgefandi: Neistinn - Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Guðrún Helga Sigurðardóttir.
Netfang: ghs@islandia.is.
• Ábyrgðarmaður: Margrét Ragnars.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Mynd á forsíðu: Frá jólaballi Neistans.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Neistinn gefur blóð

Félagsmenn Neistans og aðrir áhugasamir fara árlega í Blóðbankann til að gefa blóð. Þetta er þakklætisvottur og venja sem skapaðist eftir að Neistinn fór í landssöfnun árið 1998. Söfnunin heppnaðist einstaklega vel og fóru félagsmenn Neistans að velta fyrir sér hvernig Neistinn gæti endurgoldið. Niðurstaðan varð sú að gefa blóð og hvetja aðra til að gera það. Margrét Ragnars, formaður Neistans, segir að þetta átak hafi heppnast vel og margir hafi gefið blóð á vegum Neistans.

"Neistinn fær fólk til að koma í Blóðbankann og gefa blóð. Við höfum hvatt frændfólk, félagsmenn, samstarfsmenn og vini til aðgefa blóð. Margt af þessu er fólk sem hefði kannski ekki farið annars. Við ákváðum að hafa þetta á söfnunardeginum okkar, 14. mars, og hefur Blóðbankinn gert ráðstafanir til að taka á móti öllu þessu fólki. Við ætlum að halda þessari venju áfram og munum m.a. leggja áherslu á þetta á næsta ári," segir hún.

Í sund á Reykjalundi

Stjórn Neistans hefur ákveðið að skipuleggja samverustund fyrir félagsmenn í sundlauginni að Reykjalundi fyrsta laugardaginn í hverjum mánuði og er mæting klukkan 11. Allir eru hvattir til að mæta og eiga stund saman og leika sér með börnin í sundi.

Nafninu breytt í Hjartaheill

Nafni Landssamtaka hjartasjúklinga hefur verið breytt og heita samtökin nú Hjartaheill - Landssamtök hjartasjúklinga. Þetta var ákveðið á 8. þingi Landssamtakanna sem haldið var um miðjan september.

Síminn gefur GSM

Síminn hefur gefið Neistanum og Styrktarsjóði Neistans GSM-síma og frí símanúmer. Númerið hjá Styrktarsjóðnum er 899 0823 og verður hann í umsjón Hallfríðar Kristinsdóttur gjaldkera. Margrét Ragnars formaður verður með hinn símann og er númerið 899 1823. Stjórn Neistans þakkar Símanum stuðninginn.

Tekið við framlögum

Neistinn styrktarfélag hjartveikra barna vill benda lesendum blaðsins á, að hægt er að styrkja félagið með framlögum á bankareikning 141 höfuðbók 26 í banka 1152 (1152-26-141). Kennitalan er 490695-2309.

Einnig er félagið með minningarkort sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla, sími 552 5744.

Pistill formanns

Óska eftir skilningi!

Þegar þessar línur eru skrifaðar eru íslenskir grunnskólakennarar í verkfalli. Verkfallið hefur nú þegar staðið í mánuð og ekki útlit fyrir að samningar séu í nánd. Framhaldsskólakennarar eru með lausa samninga í nóvember og hugsanlegt að til verkfalla komi hjá þeim. Leikskólakennarar eru verulega óánægðir með kjör sín og ekki fráleitt að þeir láti reyna á verkfallsrétt sinn. Umræðan hefur að sjálfsögðu snúist um þá einstaklinga sem verkfallið bitnar á, börnin okkar. Allir sjá að börn sem missa svo langan tíma úr námi eru illa í stakk búin að þreyta samræmd próf. Komið hefur til tals að sleppa þeim við að taka slík próf í fjórða og sjöunda bekk þetta árið.

Ég vil nota tækifærið og benda á að algengt er að langveik börn missi þetta mikið úr námi jafnvel vetur eftir vetur vegna veikinda. Þeir langveiku einstaklingar sem dvelja langdvölum á Barnaspítala Hringsins njóta kennslu þar í einhverju mæli en séu börn í heimahúsi eins og algengt er með hjartveik börn er alveg óvíst um að kennslutapið fáist bætt. Ég þekki dæmi um tveggja mánaða fjarveru barns frá skóla öll ár grunnskólans án nokkurrar aukakennslu. Ég þekki líka dæmi um ungan mann, hjartasjúkling, sem fékk ekki inngöngu í framhaldsskólann sinn nú á haustönn. Ástæðan var slök mæting á síðustu önn vegna veikinda þó svo að vottorð liggi fyrir um heilsu hans. Það skal tekið fram að hann stóðst prófin.

Þau langveiku börn sem standast samræmd lokapróf og reyna við framhaldsskóla eru hetjur sem ég ber mikla virðingu fyrir. Erfitt er að taka samræmd próf eftir mikla fjarveru. Álag, kvíði og vanlíðan af erfiðum veikindum auðvelda það ekki. Kennarar óska eftir skilningi á kröfum sínum og kjörum. Sveitastjórnir óska eftir skilningi á blankheitum sínum. Ríkið óskar eftir skilningi á áhugaleysi sínu, þeir hafi lítið með málið að gera.

Ég óska eftir skilningi samfélagsins á aðstæðum langveikra barna og fjölskyldum þeirra á Íslandi.

Margrét Ragnars

Jólaball Neistans

Jólasveinn heilsaði upp á ballgesti.

Neistinn stóð fyrir sínu árlega jólaballi í Seljakirkju rétt fyrir jólin og var mætingin alveg frábær, um 75 börn og aðstandendur þeirra gengu í kringum jólatré við undirleik "Skeggbandsins" og gæddu sér á veitingum. Tveir jólasveinar komu í heimsókn og gáfu börnunum nammi í poka. Börnin fengu svo tannbursta og tannkrem að skilnaði.

Unnu 650 þúsund í Viltu vinna milljón? Peningarnir runnu til Neistans

Sátt við árangurinn

Sjónvarpsmennirnir Edda Andrésdóttir og Páll Magnússon unnu 650 þúsund krónur í fyrri hluta lokaþáttarins af Viltu vinna milljón? í vor. Þau létu peningana renna til Neistans.

"Við Páll Magnússon vorum saman í liði í lokaþættinum í vor og vorum bara þokkalega sátt við árangurinn. Við náðum 650 þúsund krónum og létum þær renna til Neistans. Neistinn kom fljótlega upp í hugann vegna þess að ég á bróðurson sem er hjartveikur, Viðar Mána Gunnarsson. Hann þurfti að fara í margar aðgerðir erlendis þegar hann var yngri. Þess vegna var Neistinn ofarlega á blaði hjá mér og Páll var til í að styðja það," segir Edda Andrésdóttir, sjónvarpsþula á Stöð 2.

Óttast að gera sig að fífli

Margir kynnu að spyrja hvers vegna þau hafi ákveðið að láta fé renna til Neistans. Edda segir að það hafi verið skilyrði í þáttaröðinni að láta það fé, sem keppendurnir hugsanlega fengju, renna til góðgerðarmála. Þó að Edda sé vön sjónvarpskona segist hún aldrei áður hafa fengist til að taka þátt í spurningakeppni en ekki hafa getað skorist undan úr því að fé myndi renna til góðgerðarmála. Hún kveðst hafa kviðið mikið fyrir þættinum enda kvíði líklega allir fyrir því að mæta í spurningaþátt. Flestir eigi það sameiginlegt að óttast það að vita ekki nein svör og gera sig að fífli. "En þetta gekk alveg prýðilega. Við áttum ekki langt í milljón og síðan fimm milljónir," segir hún.

Þó að Edda sé vön sjónvarpskona segist hún aldrei áður hafa fengist til að taka þátt í spurningakeppni en ekki hafa getað skorist undan úr því að fé myndi renna til góðgerðarmála.

- Voru þetta erfiðar spurningar?

"Sumar voru erfiðar og aðrar auðveldari. Fyrstu spurningarnar voru ansi auðveldar og skemmtilegar en síðan er það auðvitað happdrætti á hvers kyns spurningum maður lendir. Þegar til kom var þetta þó fyrst og fremst spennandi og gaman, sérstaklega þegar við vorum komin áleiðis; þá fór okkur að líða betur."

Edda segist hafa verið með góðan félaga í Páli, þau hafi unnið saman lengi og bæði hafi þau haft gaman af þátttökunni. Tvö lið voru í þættinum sem var tvískiptur. Edda og Páll voru í fyrri hlutanum og í seinni hlutanum voru þau saman í liði Þórólfur Árnason borgarstjóri og Steinunn Valdís Óskarsdóttir. Þau létu peningana renna í eitthvað annað málefni, óskylt Neistanum.

Sjónvarpsmennirnir Edda Andrésdóttir og Páll Magnússon: "Neistinn kom fljótlega upp í hugann vegna þess að ég á bróðurson sem er hjartveikur, Viðar Mána Gunnarsson. Hann þurfti að fara í margar aðgerðir erlendis þegar hann var yngri. Þess vegna var Neistinn ofarlega á blaði hjá mér."

Við höfum fjarlægt fyrirsætuna
- og önnur ónauðsynleg
aukaefni.

Íþróttir og leikir á laugardögum

Íþróttafélag fatlaðra stendur fyrir íþróttum og leikjum við allra hæfi í íþróttahúsi ÍFR við Hátún í Reykjavík á laugardögum klukkan 11. Hjartveik börn og félagar þeirra eru velkomnir. Neistinn kíkti inn einn laugardaginn í október og spjallaði við nokkra krakka.

Baldur Ingason aðstoðar föður sinn, Inga Bjarnar Guðmundsson, sem hefur verið leiðbeinandi á laugardögum í meira en 17 ár. Hér er Baldur í miðjunni, Ingi til vinstri og Friðþjófur Ottó Ragnars til hægri.

"Aðalatriðið er að einbeita sér að því að hreyfa sig, leika sér og vera í hóp saman. Reyna að hafa þetta aldrei eins heldur reyna að fá eins mikla fjölbreytni í þetta og hægt er. Það er uppistaðan í því sem við erum að gera. Þó að Tryggingastofnun skilgreini suma fatlaða þá eru hjartveikir ekki skilgreindir fatlaðir þó að þeir séu það í raun og veru að mati okkar fatlaðra," segir Ingi Bjarnar Guðmundsson, annar tveggja leiðbeinendanna í íþróttatímunum á laugardögum. Hinn heitir Júlíus Arnarson og sér hann einnig um sund fyrir fatlaða á föstudögum frá þrjú til sex.

Friðþjófur Ottó Ragnars:

Arsenal og Leiknir

Systkinin Friðþjófur Ottó Ragnars, 13 ára, og Sigríður Huld Ragnars, 17 ára, voru mætt í íþróttahús ÍFR og létu vel af sér þó að blaðamaður króaði þau af og heimtaði smá spjall þegar leikirnir voru byrjaðir. Friðþjófur er mikil áhugamaður um fótbolta. Hann heldur með Arsenal í ensku knattspyrnunni og Leikni í íslenska boltanum enda er Leiknir hans hverfisfélag. Friðþjófur býr nefnilega í efra Breiðholti. Hann er í Tjarnarskóla og finnst íþróttir þar skemmtilegasta fagið.



Friðþjófur Ottó Ragnars heldur með Arsenal og Leikni í fótboltanum

Hópurinn situr á gólfinu og allir hlusta meðan leiðbeinendurnir og krakkarnir kynna sig.

Leiðbeinendurnir útskýra hvað á að gera og krakkarnir hlusta á af athygli.

Sigríður Huld Ragnars:

Abba í uppáhaldi

Systir hans, Sigríður Huld Ragnars, er í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Hún hefur gaman af leikfimi, ganga og dansa og hefur sérstakt dálæti á Abba. Hennar uppáhalds lag er Angel. Sigríður Huld er á starfsbraut og lærir þar ýmislegt, m.a. sund, að vinna og matreiðslu. Henni finnst matreiðslan skemmtileg. Eldri bekkimir í FB eru á leið til London í ferðalag og hefur árgangurinn Sigríðar Huldar hjálpað þeim að safna peningum til fararinnar með því að safna dósum.

Sigríður Huld Ragnars.

Baldur Ingason, 19 ára, er líka hjartabarn þó að hann teljist ekki barn lengur, orðinn 19 ára. Baldur kemur nú orðið í íþróttahúsið til að hjálpa pabba sínum sem hefur hjálpað til við íþróttatímana á laugardögum í 17 ár. Baldur hefur samt reynslu af þessum tímum og segir gott fyrir krakkana að hreyfa sig.

"Þetta er þroskandi og skemmtilegt fyrir krakkana. Hjartveik börn eru svolítið spes, þau passa ekki inn í allar íþróttir með jafnöldrunum. Hér förum við bara í leiki og gerum það sem allir geta gert," segir hann.

Baldur æfði fótbolta og körfubolta þegar hann var yngri og hefur mikinn áhuga á allri hreyfingu í dag. Hann hefur þó mestan áhuga á bílum og mótorhjólum og er að læra vélvirkjun í Borgarholtsskóla. Hann á tvær til þrjár annir eftir af náminu.

"Ég var alltaf í þessu þegar ég var yngri svo að ég er núna að koma með pabba aftur til að hjálpa honum," segir hann.

Myndarlegur hópur á íþróttaæfingu. Frá vinstri: Baldur, Sigurlaug Sara, Friðþjófur Ottó, Edda Björk, Sigþrúður og Sigríður.

Tannhirða hjartabarna sérstaklega mikilvæg

Magnús J. Kristinsson barnatannlæknir segir m.a. í greininni að aukin hætta virðist vera á tannskemmdum hjá hjartabörnum og langveikum börnum almennt.

Nú á dögum hafa framfarir í læknisfræði og þá ekki síst í hjartalækningum orðið til þess að börn sem áttu litla sem enga lífsvon lifa nú við ágæt lífsgæði.

Framfarir í tannlækningu hafa einnig orðið miklar en þrátt fyrir ágæt fyllingarefni verður viðgerð tönn aldrei sú sama og hún var óskemmd. Þess vegna verðum við að hlúa að tönnum barna alveg frá því þær koma inn í munnholið.

Tennur barna sem fæðst hafa með hjartagalla eru í flestum tilfellum ekkert öðruvísi en tennur annarra barna. Þó er talið að mikill súrefnisskortur geti orðið til að tennur ná ekki að þroskast eðlilega .

Ekki gefast upp við mótmæli!

Tannhirða hjartabarna er sérstaklega mikilvæg og gegna foreldrar þar lykilhlutverki. Það er ekki alltaf auðvelt að fá að bursta tennur barna, sérstaklega fyrstu árin. Stundum þarf jafnvel tvo til að ná að bursta tennur smábarna en það þarf ekki að taka langan tíma. Það er gott að byrja að bursta gómana og venja barnið þannig við burstann án tannkrems og síðan að halda reglu á tannhirðunni. Hægt er að framkvæma þessa athöfn á smábörnum með því að láta þau liggja t.d. á skiptiborði. Ekki gefast upp þó barnið mótmæli. Eldri börn er best að bursta með því að vera fyrir aftan þau. Hægt er að láta þau sitja á stól. Tannþráð er nauðsynlegt að nota þegar allir jaxlar eru komnir um 2 1/2 árs aldur. Tannþráður nær að þrífa snertifleti tanna þar sem tannbursti kemst ekki að. Því miður eru börn oft látin sjá um tannhirðu allt of ung. Það er fyrst um 9-10 ára aldur sem þau geta beitt bursta og tannþræði af þeirri færni sem til þarf. Tannkrem þarf að innihalda hæfilegt magn flúors. Barnatannkrem eru góð fyrir börn en þegar fullorinstennur koma er nauðsynlegt að tannkrem innihaldi 1000 p.p.m. fluor.Gott er að láta börn eldri en 6 ára skola munninn með flúorlausn. Ræðið um þetta við tannlækninn. Mikilvægt er að færa barnið til tannlæknis ekki seinna en um 1 til 2ja ára aldur. Næturdrykkja hvort sem er mjólk eða ávaxtasafi er ávísun á tannskemmdir. Varast ber að gefa barni mjólk eða ávaxtasafa á pela að næturlagi. Á næturna á einungis að drekka vatn. Þá er forkastanlegt að sykra snuð.

Fyrirbyggjandi sýklalyf nauðsynleg

Hafi tönn eða tennur skemmst og þurfi að gera við þá ber að hafa ýmislegt í huga. Tannlækningar hjartveikra barna eða barna með viðgerð hjörtu geta verið áhættusamar. Í sumum tannaðgerðum getum við fengið bakteríur (örverur) úr tönnum eða tannholdi og út í blóðbraut. Venjulega lifa slíkar bakteríur mjög stutt í blóði en ef þær setjast að í veiku hjarta eða viðgerðu þá getur það skaðast verulega. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sýklalyf fyrirbyggjandi í barninu áður en tannlæknir meðhöndlar tönn. Hjartalæknir barnsins ákveður þörfina og val á lyfjum. Foreldrar barnsins og síðan barnið sjálft þegar það er fullorðið verða að vera uppfrædd um þetta vandamál. Tannlæknar taka sjúkrasögu og er þá nauðsyn að taka allt slíkt vel fram. Gott að ræða um tannaðgerðir við hjartalækninn og um hjartavandamálið við tannlækninn.

Af hverju aukin hætta?

Það virðist vera aukin hætta á tannskemmdum hjá hjartabörnum og langveikum börnum almennt. Hvað veldur því er ekki alveg ljóst en þó er víst að þar koma til samverkandi þættir svo sem:

1 Breyttur lífsstíll. Við viljum öll mikið af því sem er gott, framboð á sælgæti er mikið, sælgæti er ódýr huggun.

2 Breytt fjölskyldumynstur. Börn eru hjá afa og ömmu, helgarpabba o.s.frv.

3 Erfiðleikar vegna þess að barnið er oft veikt og rúmliggjandi. Lyf sem langveik börn þurfa hugsanlega að fá eru sjaldnast sykruð en þau geta aukið viðloðun baktería við tennurnar.

Þörfin á fyrirbyggjandi sýklalyfjagjöf er mismunandi bæði hvað varðar ástand hjartans og svo hvað á að framkvæma í munnholinu.

Áhættan í þremur stigum

Áhættan vegna tannlækninga er gróflega flokkuð í þrjú stig:

1 Mikil áhætta. Alltaf gefin sýklalyf í forvarnarskyni, t.d. fyrri saga um hjartaþelsbólgu, gervihjartalokur.

2 Miðlungs áhætta: sýklalyf gefin, Hér eru flestir meðfæddir hjartagallar.

3 Lítil áhætta: engin sýklalyf gefin. Þetta þarf hjartalæknir að ákveða en oftast eru þetta einstaklingar með velheppnaða viðgerð.

Ráðlegt er að gefa sýklalyf ef á að framkvæma:

1 tannúrdrátt og við innsetningu tannplanta.

2 tannholdsaðgerð og tannhreinsun ef tannhold er bólgið.

3 rótfyllingar þegar farið er út fyrir rótarenda eða sýking er í gangi.

4 ásetning sumra fastra tannréttingatækja

5 sumar deyfingar (intra ligamental)

Sýklalyf eru ekki gefin fyrirbyggjandi

1 einfaldar fyllingar (langt frá taug)

2 flestar deyfingar

3 gúmmídúkur

4 saumataka, röntgen, flúormeðferð o.s.frv.

Meginreglan er sú að ef þörf er á sýklalyfjum fyrirbyggjandi þá á að gefa stóran skammt í einu lagi um munn 1 klst. fyrir aðgerð eða stóran skammt í æð eða vöðva 30 mín. fyrir aðgerð. Venjulega er enginn eftirskammtur gefinn .

Fullkomin tannhirða og gott eftirlit er lykill að framtíðartannheilsu barna. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Gott fræðsluefni er hægt að nálgast t.d. á www.tannheilsa.is. Þar er t.d. “Bókin um barnatennurnar”.

MAGNÚS J. KRISTINSSON
barnatannlæknir.

Tannhirða hjartabarna er sérstaklega mikilvæg og gegna foreldrar þar lykilhlutverki. Það er ekki alltaf auðvelt að fá að bursta tennur barna, sérstaklega fyrstu árin. Stundum þarf jafnvel tvo til að ná að bursta tennur smábarna en það þarf ekki að taka langan tíma.

Burstum tennurnar betur

Neistinn stóð fyrir fræðslufundi um tannheilsu hjartveikra barna í haust og var Guðrún Bergmann Franzdóttir í hópi fundargesta. Hún segist hafa fræðst og lært ýmislegt af fyrirlestri tannlæknanna. Oft sé gott að mæta á svona fund og fá fróðleikinn "beint í æð", fá góða vítamínsprautu. Fræðslufundurinn varð til þess að fjölskylda Guðrúnar fór að hugsa enn betur um tennurnar en áður, sérstaklega hjá Anneyju Birtu, sem er 2ja ára síðan í maí. Anney Birta er hjartveik.

Guðrún Bergmann Franzdóttir með dóttur sína, Anneyju Birtu, 2ja ára

"Það kom mér á óvart hvað börn geta verið með skemmdar tennur. Okkur voru sýndar myndir og maður trúði því ekki að þetta væri til. Það var kannski það sem sló mig mest. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að mjólk væri svona óholl á nóttunni, jafn óholl og djús. Stelpan mín er ennþá pelakelling. Þegar hún er veik vaknar hún einu sinni á nóttunni og þá hefur hún fengið mjólk í pela en núna fær hún bara mjólk í pela áður en hún fer sofa, svo er hún tannburstuð og sett í háttinn. Maður græddi því ýmislegt á þessum fundi sem maður hafði ekki gert sér grein fyrir áður," segir hún.

Burstar fimm sinnum á dag

Viðar Máni Gunnarsson er 14 ára nemandi í Rimaskóla í Grafarvogi. Viðar Máni er hjartveikur og hefur alla tíð þurft að hugsa sérstaklega vel um tennurnar. Magnús Kristinsson er tannlæknirinn hans. Viðar Máni er nýkominn með spangir og þarf því að bursta tennurnar fimm sinnum á dag, þ.e. eftir hverja máltíð.

Móðir Viðars Mána er Elín Viðarsdóttir, fv. formaður Neistans. Elín segist alla tíð hafa gert sér grein fyrir hversu mikilvæg tannheilsan er og hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft að hugsa illa um tennurnar. "Það er gríðarlega veigamikið að hirða tennurnar og getur haft mikið að segja, ekki síst þegar maður hugsar til þess þegar maður er að fara með börnin sín í aðgerði upp á líf og dauða. Það getur komið vágestur inn í líf hjartveikra barna ef tannheilsunni er ekki sinnt nægilega. Þá er allt í húfi, öllum sigrunum, sem maður hefur að baki, getur verið stefnt í voða," segir hún.

"Það er það sem manni bregður fyrst við þegar maður heyrir hve viðamikill þáttur tannheilsan er, að hversdagsleg atvik í lífi fólks geti skipt sköpum fyrir hjartveik börn."



Þær eru í stjórn Neistans

Skipt var um stjórn hjá Neistanum í vor. Við kynnum hér til sögunnar konurnar sem stjórna félaginu og bera hag þess fyrir brjósti. Allar eiga þær það sameiginlegt að eiga hjartveik börn eða barnabörn og hafa Neistann og baráttuna fyrir hjartaveika að áhugamáli.

Ólöf varaformaður

Ólöf Sigurjónsdóttir er skrifstofumaður og varaformaður Neistans. Hún er gift og tveggja barna móðir. Hún gekk í Neistann á stofnfundinum á sínum tíma en dóttir hennar er hjartveik. Ólöf hefur áður verið gjaldkeri félagsins en er nú varaformaður. Markmið hennar er að efla félagið en fyrir utan Neistann hefur hún áhuga á stangveiði, fótbolta og heilsurækt.

Ragna ritari

Ragna Sveinbjörnsdóttir, ritari Neistans, starfar sem móttökuritari á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hún býr í Keflavík, er einstæð móðir og hefur verið það sl. 12 ár. Hún á fimm börn. "Það elsta er 36 ára vélamaður, næstelsta 32 ára verkamaður, þriðja 30 ára ljósmóðir, síðan 26 ára sjómaður og loks 19 ára nemi sem er hjartveikur og fæddur með hjartagalla. Hann hefur farið í tvær opnar hjartaaðgerðir, eina úti í Boston 1997 og aðra hér heima 1999, eina aðgerð í þræðingu og 10 sinnum í þræðingu og svo þarf hann að fara í þriðju opnu aðgerðina," segir Ragna.

Guðrún meðstjórnandi

Guðrún Bergmann Franzdóttir, meðstjórnandi Neistans, er skrifstofumaður hjá Hjartaheillum - Landssamtökum hjartasjúklinga. Hún er gift Jóhannesi Geir Rúnarssyni og eiga þau þrjár dætur, Guðrúnu Kristínu 8 ára, Söru Karen 6 ára og eru þær báðar í skóla. Sú minnsta, Anney Birta, er 2ja ára og er í leikskóla. Anney Birta fæddist með hjartagalla sem nefnist Truncus Arteriosus og hefur þurft að fara fimm sinnum til Boston en það gengur mjög vel og þarf hún ekki að fara út meira í bili.

Margrét formaður

Formaður Neistans heitir Margrét Ragnars Magnúsdóttir og við titlum hana forstjóra og framkvæmdastjóra á sínu heimili í stað þess að nota hið hefðbundna orðalag, húsmóðir. Margrét býr í Reykjavík og er ekkja, móðir sex bráðfallegra barna. Þau heita Anna Þóra, Ásgrímur, Árni Magnús, Einar Franz, Sigríður Huld og Friðþjófur og Ottó. Sigríður Huld er hjartasjúklingur.

Margrét var varaformaður við stofnun Neistans og er núverandi formaður. Hún hefur sem markmið að efla félagið á allan hugsanlegan hátt og auka fjárstreymi inn í styrktarsjóðinn til að hægt sé að veita fleiri styrki en nú er gert ásamt því að berjast fyrir veikindarétti foreldra. Hvað áhugamál varðar þá er það fjölskyldan, ferðalög, listviðburðir og golf en hún hefur lítið komist til að slá kúlur eftir að dóttirin fæddist. Hvað draumana varðar þá nefnir Margrét tvennt harla ólíkt, heimsfrið og ferðalag til Kambódíu.

Hallfríður Kristinsdóttir varamaður

Hallfríður Kristinsdóttir starfar við bókhald og fjármálastjórn, er gift og á þrjú börn. Hún tengist Neistanum í gegnum barn sitt sem fæddist með hjartagalla árið 1993. Hún gekk í Neistann á stofnfundinum 1995. Hún var í stjórn 1996-1998 og aftur frá 2004. Hún hefur verið gjaldkeri Styrktarsjóðs hjartveikra barna frá upphafi. Hallfríður er nú varamaður í stjórn.

Sandra Franks meðstjórnandi

Sandra Franks starfar sem ökukennari ásamt því að vera varaþingmaður Samfylkingarinnar í SV-kjördæmi og vinna BA ritgerð í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hún er gift Árna Birni Kristbjörnssyni stýrimanni og eiga þau tvö börn, Birnu 21 árs og Birki 11 ára. Þau eiga líka ömmustrákinn Nökkva Mána Guðmundsson, tveggja ára

Guðný gjaldkeri

Guðný Sigurðardóttir skrifstofumaður er gift og á þrjú uppkomin börn og sjö barnabörn, þar á meðal 18 ára hjartabarn. Guðný byrjaði upprunalega að starfa í Umhyggju og hana minnir að hún hafi tekið þátt í stofnun þess félags. Hún tók svo þátt í stofnun Neistans og hefur verið virk þar frá upphafi. Hún er og hefur verið gjaldkeri Neistans frá því að hún kom fyrst inn í stjórnina fyrir nokkrum árum.

Guðný hefur sem markmið innan Neistans að reyna að styrkja Neistann og afla fjár til að styrkja fjölskyldur og veita þeim stuðning sem þurfa á því að halda. Fyrir utan Neistann hefur hún áhuga á vinnunni hjá Tollstjóraembættinu, handavinnu og svo náttúrulega fjölskyldunni. Hvað drauma varðar þá segir hún að það sé svo margt. “Kannski helst það að öllum líði vel. Að Neistinn geti leitt eitthvað gott af sér, það er minn aðaldraumur. Maður væri ekki á kafi í þessu annars.”

Guðrún Bergmann Hanzdóttir, Sandra Franks, Margrét Ragnars, Ragna Sveinbjörnsdóttir og Hallfríður Kristinsdóttir.

Haustferð í Hvammsvík

Neistinn stendur árlega fyrir sumarferð fyrir félagsmenn sína og aðrar velunnara en í ár var brugðið út af venjunni og sumarferðinni breytt í haustferð. Í september brugðu félagar Neistans og aðrir áhugasamir undir sig betri fætinum, skelltu sér í Hvammsvíkina þar sem pylsur voru grillaðar, farið í siglingu um Hvalfjörðinn og rennt fyrir fisk. Glatt var á hjalla eins og sjá má á meðfylgjandi myndum Söndru Franks.

Nökkvi Máni Guðmundsson heilsar upp á hundinn í Hvammsvík.

Margrét Ragnars, formaður Neistans, og Halldór Halldórsson hjartaþegi en hann var fyrsti Íslendingurinn til að fá grætt í sig nýtt hjarta á Brompton-sjúkrahúsinu í London.

Hjónin Björn Jónsson og Hallfríður Kristinsdóttir.

Halla, Ólöf og Lísa Hallsdóttir.



Friðþjófur Ottó Ragnars og Birkir Árnason veiðimenn.

Arnar Halldórsson með hana sem hann ætlaði að skella á grillið. Anna Sigga, Halldór Ragnar Halldórsson og Árni Björn Kristbjörnsson fylgjast með.

Við veiðarnar.

Margrét Ragnars og Hallur Björn Hallsson pípulagningameistari á siglingu.



Börnin brugðu á leik og prófuðu meðal annars að setjast í kajak.

Það er ekki að spyrja að náttúrufegurðinni. Hún er alltaf söm við sig.

Verður ekki vikist undan!

Guðrún Pétursdóttir, formaður Styrktarsjóðs Neistans

Astæðan fyrir því að ég ákvað að verða við ósk Neistans um að ég tæki að mér formennsku í Styrktarsjóðnum var sú, að um leið og ég var beðin um þetta þá varð mér ljóst hvað maður er lánsamur að eiga heilbrigt barn. Við sem erum svona heppin höfum svo óendanlega meiri tíma sem við getum varið til þess að leggja okkar lóð á vogaskálarnar til aðstoðar hinum. Þó að maður haldi stundum að maður komist ekki yfir meira þá er það fyrst þegar eitthvað bjátar á sem það reynir á hvað maður getur. Öll hversdagslegu verkefnin eins og að halda heimili gangandi og vera í vinnunni verða svo lítilvæg miðað við að annast einhvern sem er veikur, ekki síst þegar það er barnið manns. Þeirri skyldu verður ekki vikist undan. Þá byrði verða foreldrar að axla. Þess vegna fannst mér ekki mega minna vera en maður tæki vel þeirri beiðni að hjálpa til," segir Guðrún Pétursdóttir, lífeðlisfræðingur og formaður Styrktarsjóðs hjartveikra barna.

"Það eykur bjartsýni þegar hægt er að hjálpa fólki að ráða við kostnaðinn við það að fara með barn í aðgerð."

Starfið í Styrktarsjóðnum hefur orðið til þess að Guðrúnu er ljóst hversu mörg börn eru hjartveik hér á landi og það hefur veitt henni innsýn í aðstæður fólks sem á hjartveikt barn. "Auðvitað gegnir sama máli um foreldra með börn með aðra sjúkdóma. Hjartveiki er bara einn af mörgum sjúkdómum en þetta er oft alvarlegur sjúkdómur sem kallar á ítrekaðar aðgerðir. Sem betur fer eru líka mörg dæmi þess að hægt er að lækna börnin eða stórbæta lífslíkur þeirra og þessum dæmum fer fjölgandi. Það eykur bjartsýni þegar hægt er að hjálpa fólki að ráða við kostnaðinn við það að fara með barn í aðgerð sem allar líkur eru á að veiti fullan bata, þó það sé að sjálfsögðu ekki síður mikilvægt að styðja fólk með langvarandi sjúkdóma innan fjölskyldunnar."

Stjórn Styrktarsjóðsins afgreiðir að meðaltali samtals 25-30 umsóknir á ári.

Össur Skarphéðinsson, varaformaður Styrktarsjóðs Neistans

Þegar Styrktarsjóður Neistans var stofnaður með söfnun sem tókst gríðarlega vel var ég beðinn um að taka þátt í þessu starfi. Fyrst var ég beðinn um að koma í sjónvarp og hvetja menn til þess að gefa peninga. Upp úr því var ég spurður hvort ég vildi setjast í fyrstu stjórnina. Það gerði ég með öllum þessum kvennafansi. Guðrún Pétursdóttir, vinkona mín, var formaður en hún var sú eina sem ég þekkti. Síðan höfum við verið í stjórninni og haft fundi nokkrum sinnum á ári í bráðum tíu ár. Þetta hefur verið gefandi og fróðlegt starf en stundum dálítið sorglegt því að sumir eiga við mikil veikindi að stríða. Ég hef kynnst miklu í gegnum þetta starf, kannski fyrst og fremst því hvað sumir lenda í miklum erfiðleikum og hvað erfiðleikarnir virðast stundum hlaðast saman. Í starfi mínu sem formaður heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis sá ég hvað slíkir erfiðleikar reyna ofboðslega á fólk, hjón og sambönd," segir Össur Skarphéðinsson, varaformaður Styrktarsjóðsins.

"Ég sé fyrir mér að í framtíðinni komi ríkisvaldið betur inn í þetta og sjóðurinn geti einbeitt sér betur að þeim sem eru verulega illa staddir."

- Hvernig sérðu fyrir þér framtíð svona sjóðs?

"Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög æskilegt að borgararnir leggi eitthvað af mörkum. Þá er ég að tala um bæði peninga ef þeir geta og vinnuframlag. Mér finnst t.d. það vera mjög þarft og gott verk að gefa í safnanir og tel að borgarar sem eru aflögufærir eigi að gera það. Ég er þeirrar skoðunar að sjálfboðaliðasamtök eins og þessi, sem Styrktarsjóðurinn er auðvitað angi út úr, skipti mjög miklu máli. Mér finnst að ríkisvaldið eigi að styrkja svona sjálfboðaliðasamtök eins og hægt er. Þó að við höfum nokkra tugi milljóna í sjóðnum og getum notað vextina til styrktar fjölskyldum auk þess sem við höfum ýmis konar sjálfsaflafé þá er þetta stundum svo lítið sem við getum látið fjölskyldu í mjög erfiðri aðstöðu fá, þó að það séu nokkur hundruð þúsund krónur þá er það alltof lítið. Ég sé fyrir mér að í framtíðinni komi ríkisvaldið betur inn í þetta og sjóðurinn geti einbeitt sér betur að þeim sem eru verulega illa staddir. Þetta eru þrátt fyrir allt mörg börn og þeim hefur heldur farið fjölgandi."

Formaður og varaformaður, Guðrún og Össur, dusta rykið af taflmennskunni og taka eina lauflétta skák. Hm..... Hvernig ætli leikurinn gangi?

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík

A.P. Almannatengsl
A.R.E.V. ehf.
AB Varahlutir ehf.
Aðal Tannsmíðastofan
- klínískur tannsmíðameistari
Aflvaki hf.
Alþýðusamband Íslands
Ariane Gita Fischer
Arkís ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B.Þ. Verkprýði
Bang & Olufsen á Íslandi
Bergdal ehf.
Betri bílar ehf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílamálun Halldórs Þ.
Nikulássonar sf
Bílanaust hf.
Bílasala Íslands
Bílasmiðurinn hf.
Bjálkahús ehf.
Björn og Ísak ehf.
Blindrafélagið
Bókhaldsþjónusta
Arnar Ingólfssonar ehf
Bókhaldsþjónustan
Bólsturverk sf.
Bón- og þvottastöðin ehf.
Breiðholtskirkja
Brimrún ehf.
Bændasamtök Íslands
D.Á. Efnavörur ehf.
Dalbær sf.
Dale Carnegie þjálfun
Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Davíð S. Jónsson & Co. ehf.
Dreifing ehf.
Dýraríkið
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaug Árbæjar ehf.
Efnalaugin Hreinn Hólagarði
Einingaverksmiðjan hf.
Elding Trading Company
Endurhleðslan og prenthylki.is - Kötlufelli 3
Engey ehf. heildverslun
Eyfeld ehf.
Fagtún hf.
Fasteignakaup ehf.
Fasteignasalan Ásbyrgi ehf
Fasteignasalan Garður
Fasteignasalan Kjöreign ehf.
Faxavélar ehf.
Feró sf.
Ferskar kjötvörur hf.
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félags- og þjónustumiðstöð
Aflagranda 40
Félagsþjónustan Furugerði 1
Félagsþjónustan í Reykjavík
Fiskbúðin Hafrún
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Flatey ehf.
Flugflutningar ehf
Flugleiðir frakt
Flugskóli Íslands
Flytjandi hf
Foreldrahúsið- Vímulaus æska
Formaco ehf.
Forsætisráðuneytið
Fótaaðgerða- og snyrtistofa Eddu
Fótaaðgerða- og snyrtistofan Líf
Fótaaðgerðastofa Óskar og Helgu
Framsóknarflokkurinn
Frank og Jói
Fönix ehf
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gallerí Fold
Gissur og Pálmi ehf.
Gistiheimilið
Gistiheimilið Jörð
Gítarskóli Ólafs Gauks
Gjögur hf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggahreinsunin Hreinsýn sf.
Gripið og greitt ehf.
Grænn kostur ehf.
Guðmundur Arason ehf.
Smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Guðrún ehf. Tískuverslun
Gullkistan
Gunnar Eggertsson hf.
H. Haraldsson
Hagafl ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Hampiðjan hf.
Happdrætti Háskóla Íslands
Hárfinnur ehf
Hárgreiðslustofa Heiðu
Hárgreiðslustofan Effect
Hárhönnun ehf.
Hársnyrtistofan Dalbraut
Hársport
Heilsubrunnurinn
Heilsugæslan í Reykjavík
Hersir, ráðgjöf og þjónusta
Hollt og Gott ehf.
Hókus Pókus
Hótel Frón
Hraði ehf. fatahreinsun
Hrafnista D.A.S.
Hreyfigreining ehf
Hringrás hf.
Hugmót ehf.
Húsmæðrafélag Reykjavíkur
HV veitingar
Höfðakaffi ehf.
Hönnun hf.
IB / Nýja Bílahöllin ehf
Idex ehf.
Iðnnemasamband Íslands
Iðntæknistofnun Íslands
Internet á Íslandi hf. - ISNIC
Intrum á Íslandi ehf.
Ímynd ehf.
Íris Bryndís Guðnadóttir
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslenska umboðssalan hf.
Íslenskar getraunir
Ístækni hf.
J.S. Gunnarsson hf.
Jónar Transport hf.
